

Sjónlistir

8.-10. bekkur

Kennsla í sjónlistum í 8.-10. bekk í Hörðuvallaskóla tekur mið af þeim hæfniviðmiðum sem sett eru fram í Aðalnámskrá.

Hæfniviðmiðin úr Aðalnámskrá koma fram í fremsta dálkinum hér fyrir neðan.

Í kennsluáætlunum og verkefnum inni í Mentor sést hvað sett er á oddinn á hverju tímabili í árgöngum.

Formlegt lokamat fer aðeins fram í lok 10. bekkjar.

Við lok 10. bekkjar eru nemendur metnir miðað við þau matsviðmið sem birt eru í Aðalnámskrá þar sem A hæfni, B hæfni og C hæfni hefur verið skilgreind í hverjum námsþætti. Í öðrum árgöngum fer formlegt lokamat ekki fram en fylgjast má með framvindu náms nemenda á hæfnikorti þeirra inni í Mentor.

Sjónlistir

Hæfniviðmið (list- og verkgreinar)	Viðfangsefni	Leiðir	Námsefni
<p>Nemandi getur: Unnið sjálfstætt eftir vinnuferli frá hugmynd til lokaafurðar og greint frá mismunandi nálgun við vinnuna. Skipulagt vinnu sína með sjálfbærni í huga. Tjáð sig um verkefni sín með því að nota hugtök sem greinin býr yfir. Hagnýtt þá sérhæfðu leikni og þekkingu sem hann hefur öðlast á skapandi hátt og sýnt frumkvæði. Beitt þeirri tækni sem námsgreinin býr yfir á sjálfstæðan hátt. Sýnt frumkvæði í góðri umgengni og frágangi á vinnusvæði. Tekið þátt í samvinnu með sameiginlegt markmið hópsins að leiðarljósi. Sett verkefni sín í menningarlegt samhengi.</p>	Vinnuferli Leikni, þekking og sköpun Samvinna Sjálfbærni Tækni Menningarlæsi Fag hugtök Umgengni og frágangur Sjálfs- og jafningjamat	Skissu- og hugmyndavinna og sýnt fram á ferli í ferilmöppu (í I-pad). Að nemendur öðlist þekkingu og færni við verkefnavinnu. Valin verkefni unnin í hópum. Umræða um þau hughrif sem listaverk geta haft, hvaða tilfinningar þau vekja og úr hvaða menningu þau eru sprottin. Vinna með mismunandi tækni sem beitt er við myndsköpun. Að nemendur segi frá verki sínu, bakrunni og innihaldi. Lögð áhersla á góða umgengni um verkfæri og vinnustað.	Námsefni er mismunandi eftir verkefnum, stuðist við bækur um listamenn og upplýsingar af netinu eftir því sem við á hverju sinni með glærुकyningum og innlögn.